

1869.
16. júlí. og eru yður send nokkur exemplör af umburðarbréfa-safni aðal-skattastjórnarinnar ^{1/1869}, þar sem tolltökustöðunum í staflíð a er sagt fyrir um þetta efni, og af umburðarbréfi til tolltökustað-anna nr. 4, dagsettu 28. f. m., um skipamælingar. Því skal við bætt, að þegar á að breyta tonsrúmmálinu, sem stendur í amerí-könsku skrásetningar-skýrteinunum, í kaupskipalestir, þá skal farið eptir reglum þeim, sem skýrt er frá í bréfi dómsmála-stjórnarinnar 24. nóvembermán. f. á. um skip frá Bretlandi hinu mikla.

27. júlí. **69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um skilning opins bréfs 29. ágústmán. 1862 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.**

Í bréfi dagsettu 4. f. m. hafið þér, herra amtmaður, beiðzt vísbendingar frá dómsmálastjórninni um, hvort beita megi opnu bréfi 29. ágústmán. 1862, er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúar-mán. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, gegn þeim, sem verða heylausir sökum ótakrar ásetningar á hey sín, og annaðhvort fella skepnur sínar úr hor eða skera þær að fram komnar af fódurskortí.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að, með því að tæð opið bréf að eins mælir fyrir um hegningu fyrir þá, sem verða sekir um grimmdarfulla misþyrming eða aðra harðýðgis-fulla og miskunarlausu meðferð á skepnum, verður því að stjórn-arráðsins hyggju ekki beitt gegn þeim, sem verður heylaus einasta vegna þess, að hann hefir óskynsamlega margar skepnur, og fyrir þá sök neyðist til annaðhvort að láta skepnur sínar falla úr hor, eða að skera þær niður að fram komnar af fódurskortí. Að alþingi hafi einnig litið svona á málið, er auðsæð á frumvarpi til tilskipunar um illa meðferð á skepnum á Íslandi, sem alþingi samdi, því að þar er sett sem skilyrði, að sá, sem í hlut á, ekki að eins drepi skepnur sínar úr hor með

1869.
27. júlí.

grimmdarfullri hörku, heldur einnig, að hann hafi horfellt þær, þó að hann ætti fóður handa þeim. Að stjórnarráðsins hyggju hlýtur samt einnig að mega refsa þeim, sem ekki hefir fóður handa skepnunum sínum, ef að hann með grimmdarfullri hörku lætur þær drepast úr hor, þó að hann geti útvegað fóður handa þeim, en aptur á móti fáum vèr ekki sèð, að þeim manni verði refsað, sem lætur skepnur sínar horfalla á móti; vilja sínum, af því að aðalskilyrðið fyrir, að hegningu verði beitt eptir tæðu lagabóði, það er að segja, að sérlegt miskunarleysi eða grimmd hafi verið höfð í frammi í meðferðinni á skepnunum, á sér ekki stað í þessu tilfelli.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi, um umkvörtun síra Hákonar Espólíns yfir skemmdum á eggvarpinu á Kolfreyjustað.

7. ágúst.

Með bræfi dagsettu 12. nóvembermán. f. á. hafð þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað umkvörtun frá síra Hákonu Espólín, presti að Kolfreyjustað í Suðurmúlasýslu, yfir ýmsum skemmdum, er frakkneskir fiskimenn hafi framíð á eggverinu í Andey, sem heyrir undir brauðið, ásamt prófi, er hlutaðeigandi sýslumaður hafði haldið útaf þessu. Skjöl þessi voru síðan send utanríkisstjórninni til frekari framkvæmda, og er umkvörtunin hafði verið borin upp fyrir stjórn Frakkakeisara, höfum vèr fengið frá utanríkisstjórninni eptirrit það, sem fylgir með bræfi þessu, af svari ráðherra utanríkismálanna á Frakklandi uppá bréf sendiherra Danakonungs um þetta efni. Svar þetta ber með sér, að umkvörtun síra Hákonar Espólíns hafi verið of óákveðin til þess, að frekari ráðstafanir yrði gjörðar útaf henni.

Þetta skal yður hèr með til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það.